

Fundargerð stjórnar BÍS

Fundarstjóri: Dagmar Ýr Ólafsdóttir, aðstoðarskátahöfðingi	Fundur nr. 28/2017
Fundarritari: Sigríður Ágústsdóttir	
Mættir: Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskrárráðs Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS	Fundarstaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123 Dags: 22. ágúst 2017 Frá kl. 19:30 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi	

Nr	Fundarefni	Verklok	Ábyrgur
1	Setning Dagmar Ýr Ólafsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.		DÝÓ
2	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.		SÁ
3	Meginmál 1 Úlfljótsvatn – staða mála Grímur Valdimarsson formaður ÚVR hefur skilað inn umboði og vill hætta í ráðinu um áramótin. Vegna Nóró-veirunnar var ákveðið að loka staðnum í 3 vikur sem þýðir að það þarf að gera ráðstafanir með skólabúðir og aðra hópa sem voru búnir að panta. Elín Esther Magnúsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu og hættir um miðjan september. Starfsemi staðarins var rædd og nauðsyn þess að endurskipuleggja. Nóró veiran – viðbrögðum heilbrigðiskerfisins var ábótavant þegar leitað var eftir aðstoð og að opna fjöldahjálparstöð. Spurning hvað tilheyrir heilbrigðiskerfinu af kostnaði og hvað skátunum. Stjórn veitir MM, AGS, BN umboð til að ganga til samninga við SSR um Úlfljótsvatn með fyrirvara um samþykki stjórnar á samningum.		AGS/HS

4	<p>Meginmál 2 Félagsforingjafundur 24. ágúst. Dagskrá fundarins:</p> <ol style="list-style-type: none"> Niðurstaða stefnumótunarvinnu stjórnar um áherslur í starfi Skátamiðstöðvarinnar. Hvar liggur áherslan og hver eru næstu skref? Hvernig var ferlið, hvaða málaflokkar verða í forgangi hjá starfsfólki og hvaða málaflokkar verða keyrðir af sjálfbóðaliðum ef áhugi er fyrir hendi. (45 mín) MM, AGS. Heimsóknir til skátafélaganna í september (10 mín) Úlfjótuvatn – staða og framtíðarsýn (20 mín) BN Niðurstaða eineltismáls (30 mín) JÞG Önnur mál (15 mín) <p>DÝÓ og HÓV sjá um fundarstjórn og ritun fundargerðar.</p> <p>Starfsmannafundur Skátamiðstöðvarinnar um áherslur í starfi Skátamiðstöðvarinnar verður kl. 16:00 á fimmtudaginn. Úr stjórn mæta MM, DÝÓ og AGS.</p>		DÝÓ
5	<p>Önnur mál</p>		Allir
5.1	<p>Skátaheit íslenskra skáta Bréf barst frá WOSM dagsett 9.8.2017 þar sem staðfest er að íslenskt skátaheit er samþykkt:</p> <p><i>Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að gera skyldu mína við guð/samvisku og ættjörðina/samfélag, að hjálpa öðrum og að halda skátalögin</i></p> <p><i>Velja má guð eða samvisku og ættjörðina eða samfélag.</i></p>		JÞG
5.2	<p>Formannsskipti í Grænum skátum Nauðsynlegt er að skipa nýjan formann fyrir Græna skáta þar sem Kristinn Ólafsson formaður hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri GS.</p>		
5.3	<p>Fyrirkomulag á endurgreiðslum ferðakostnaðar v/félagsforingjafundar Miðað er við tvo þátttakendur frá hverju félagi. Mælst er til að hagkvæmasti kostur verði valinn, flug eða bíll. Flug verði bókað af BÍS sem greiðir og þeir sem keyra meira en 50 km t/r fylla út akstursform og skila inn til BÍS gögnum innan 10 virkra daga frá viðburði, annars fæst það ekki greitt. Samþykkt, gildir fram að Skátapingi 2018 og verður þá endurskoðað.</p>		AGS/HS
5.4	<p>Þakkir til skáta Stjórn BÍS þakkar okkar skátum heilshugar fyrir mikla og öfluga aðstoð þegar nóró veiran kom upp á Úlfjótuvatni. Þar unnu margir mikið og óeigingjarnt starf við mikla tímapressu.</p>		JG

5.5	Erlendir skátar utan skátabandalaga í hrakningum á ferð um Ísland Ákveðið var að senda bréf f.h. BÍS til franska skátabandalagsins þar sem farið er yfir aðdraganda og atburði sem urðu til þess að erlendir skátar utan skátabandalaga lentu í hrakningum við Skaftá og komust í fréttirnar á Íslandi. Þá verður bent á hve erfitt er að hafa skáta utan bandalaga og erfiðleika við að hafa uppi á og hafa samband við ráðandi félög ef þörf krefur eins og í þessu tilfelli.		JPG
5.6	WOSM heimsþing skáta JPG reifaði heimsþingið og helstu mál sem þar voru rædd. Skýrsla um þingið er væntanleg innan 2ja vikna.		JPG
	Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.		

Úr viðburðadagatali BÍS:

24. ágúst	Pottapartý í Reykjadal
26	Gilwell 1. skref
26.-27.	VISTA-helgi
4. sept	Foringjaspjall sveitarforingja
8.-10.	"Pepp í poka"
8.-10	Nordic Forum for programme and training (NOPOLK) Finnland
15-17	Hautpepp leiðtogaþjálfun
18.-22	Heimsþing WAGGS (Indland)
19., 21., 26., 28.	Heimsóknir í skátafélög, svæðisbundið
21	Vítamínkvöld - Erfiði skátinn
23	Forsetamerkisafhending
23.-24.	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
30	Gilwell 1. skref
4. okt	Forvarnadagurinn 4. okt - óstaðfest??
9	Endurfundir skáta
19	Vítamínkvöld - Verndum þau námskeið
26	Samráðsfundur stjórnar og ráða BÍS
20.-22.	JOTA-JOTI - tékka af dagsetningu
6-8	Rödd ungra skáta
	Öræfalíf rekkaskáta - í skoðun
28.-3	The Academy